

ur er hjer á landi, hafa stjórn sjóðsins á hendi og sjá um ávöxtun hans á þann hátt, er tryggilegastur þykir og hentugastur.

69  
1. apríl

3.

Alla vexti skal leggja við höfuðstól, þar til er sjóðurinn er orðinn 2500 kr. Þá upphæð má eptir það ekki skerða.

4.

Vöxtum sjóðsins, eptir að höfuðstóllinn er orðinn 2500 kr., skal jafnan safnað saman í 5 ár í senn, og skal á 5 ára fresti verja undanfarandi 5 ára vöxtum og vaxtavöxtum til heiðursgjafar handa einhverjum innlendum manni, sem hefir sýnt sig atkvæðamann í kirkjunnar þjónustu a einhvern hátt, annaðhvort sem vísindalegur guðfræðingur eða sem sálusorgari, og sem sent hefir stjórn sjóðsins beiðni um að koma til greina við veiting heiðursgjafariinnar.

5.

Stjórn sjóðsins auglýsir á undan hverri veitingu með nægilegum fyrirvara í einhverju hentugu bladi upphæð þá, sem um skal sækja, og ákveður þá, hvenær bóanarbrjefin skuli vera komin til hennar. Af umsækjendum kys síðan stjórn sjóðsins þann, er hún telur heiðursgjafariinnar maklegastan í hvert skipti. Sæki enginn, er stjórn sjóðsins telur maklegan heiðursgjafariinnar, ræður hún hvort hún tiltekur og auglýsir nýjan umsóknarfrest, eða leggur upphæð þá, sem auglýst hefir verið til umsóknar, við höfuðstólinn.

6.

Reikning um tekjur og gjöld sjóðsins skal auglýsa árlega í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

Landshöfðinginn og biskupinn yfir Íslandi.

Reykjavík 31. janúar 1898.

*Magnús Stephensen. Hallgr. Sveinsson.*

## Reglugjörð

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um lækning hunda af bandormum.

Sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

**Gjörir kunnugt:** Samkvæmt 6. gr. laga nr. 18. 22. maí 1890 um hundaskatt og fleira, er hjer með sett eptirfarandi

### REGLUGJÖRD

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Sýslunefndin skipar 1—3 menn í hreppi hverjum, er annast skulu hreinsun hunda í hreppnum. Þar sem fleiri eru hreinsunarmenn en einn í hreppi, skipta þeir með sjer störfum; en verði þeir eigi á eitt sáttir, sker hreppstjóri úr.

Hreinsunarmenn skulu hafa hreisunina á hendi í 6 ár samfleytt, og skulu þeir skrifa undir eiðsspjall, áður en þeir taka til starfa.

70  
27. apríl

**70**      Sýkist hreinsunarmaður, eða hindrist á annan hátt að ósjálfráðu, skipar 27. apríl hreppstjóri til bráðabirgða annan mann til að ganga í hans stað.

2. gr.

Hreinsun hunda skal fara fram fyrra hluta nóvembermánaðar ár hvert. Skulu hreinsunarmenn þá fara á hvert heimili, en boðað skulu þeir áður hafa komu sína með viku fyrirvara. Skulu þeir hafa með sjer nægilega mikið af hreinsunarlyfinu, framtalsskrá hreppstjóra á hundum í hreppnum og bók, er sýslumaður hefir löggilt. Skulu þeir í bókina rita tölu þeirra hunda, er til eru á heimilinu, tölu þeirra hunda, er þeir gáfu inn lyfið, tölu þeirra hunda, sem lyfið breif eigi á, svo og tölu þeirra, er hreinsuðust.

Verði hreinsunarmenn varir við fleiri hunda á heimili, en taldir eru í framtalsskrá hreppstjóra, skýri þeir hreppstjóra tafarlaust frá því.

3. gr.

Verði vart við bandorm í hundi milli umferða hreinsunarmanna, svo og, ef hundur, vegna lögmætra hindrana, hefir eigi verið til taks, er hreinsunarmaður fór um, skal eigandi hundsins, eða sá, sem hundurinn fylgir, tafarlaust færa hann hreinsunarmanni, og hreinsi hann þá hundinn.

4. gr.

Heimilisráðandi hver skal hafa svelt hunda þá, sem á heimili hans eru, seinasta sólarhringinn áður en hreinsunin á fram að fara, og skulu hundarnir hafðir í útihýsi sjer, meðan þeir eru sveltir og 4 næstu klukkustundir eptir að þeim var gefið inn lyfið. En til hreinsunarinnar skal nota 8 gröm af arekadupti, og skæl hræra það saman við eitthvað, er hundurinn jetur. Fáir hundurinn klýju af lyfinu, verður að sporna við því, að hann selji því upp. Það, sem gengur niður af hundinum, skal brenna, eða grafa 2 fet í jörð niður og lykja vandlega yfir.

Þegar eptir hreinsunina skal baða hundinn úr sjó eða keitu.

Heimilismenn eru skyldir til þess, að láta hreinsunarmönnum í tje kauplaust alla þá aðstoð, sem þeir þurfa.

Í stað arekadupts má nota annað lyf, er læknir sá, er í hlut á, tiltekur, og skal þá farið með það eptir fyrirsögn hans.

5. gr.

Þegar er hreinsuninni er lokið, skulu hreinsunarmenn senda hreppstjóra skýrslu um árangur hreinsunarinnar, eptir fyrirmynd, er sýslumaður semur. En hreppstjóri sendir aptur oddvita sýslunefndarinnar skýrsluna fyrir árslok, með árituðu vottorði um að hún sje rjett, að því er hann viti bezt til.

6. gr.

Alla hunda skal einkenna, annaðhvort með sauðfjármarki eiganda eða með leðurbandi um háls, er á sje lettrað nafn eiganda og heimili. Ómerkta

hunda skulu hreinsunarmenn drepa hvar sem þeir hitta þá, svo og þá hunda, **70**  
er eigi hafa notið hreinsunar. **27. apríl**

7. gr.

Greiða skal hreinsunarmönnum 40 aura fyrir hreinsun hvers hunds; en þá er hundurinn talinn hreinsaður, er hann fær niðurgang af lyfinu. Fyrir að drepa ómerkta hund eða hund, sem eigi hefir verið hreinsaður, skal gjalda hreinsunarmanni 25 aura.

Sýslusjóður geldur hreinsunarmönnum, borgar bækur þeirra og lyfið.

8. gr.

Hreppstjórar skulu gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt, og skulu þeir drepa eða láta drepa hvern hund, er þeir hitta ómerkta, svo og hunda, er eigi hafa notið hreinsunar.

9. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða hreinsunarmenn 2—10 kr. sektum, en almenning 1—10 kr. sektum. Ljóstari annar en hreppstjóri upp broti, fær hann helming sektar, en hinn helmingurinn rennur í sýslusjód. Standi öðruvisi á, rennur öll sektin í sýslusjód.

Mál útaf brotum á reglugjörðinni sæta meðferð opinberra lögreglumála.

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi mánuði eptir að hún birtist í Stjórnartíðindunum, og er hin eldri reglugjörð frá 4. apríl 1896 þá jafnframt úr gildi numin.

Stykkishólmur hinn 27. apríl 1898.

I nafni sýslunefndarinnar.

*Lárus H. Bjarnason.*

## Reglugjörð

71

fyrir Strandasýslu um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Hreppsnefndinni í hverjum hreppi skal falið á hendur að annast um lækning hunda af bandormum og útnefni hún sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, sem þannig eru skipaðir til hundalækninga, sjeu þeir ei öðrum háðir, skyldir til að hlýða ákvæðum nefndarinnar.

2. gr.

Lækninguna á hundunum skal hreppsnefndin láta fram fara í öllum hreppnum einu sinni á ári hverju í nóvembermánuði öndverðum.

3. gr.

Sjerhver hundaeigandi er skyldur til að hafa hund sinn á þeim stað, er